

Leiðbeiningar fyrir hafnir í kjölfar bráðamengunar

Notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis

Tilgangur með notkun efna í viðbrögðum við olíumengun er að minnka skaða sem olían getur valdið á lífríki og umhverfi. Þegar ákvörðun er tekin um notkun efna í viðbragði geng olíumengun þarf að vera öruggt að það auki ekki skaðann. Þar sem mikil hreyfing er í fjörunni (ölduhreyfingar) er líklegt að náttúruleg dreifing/hreinsun sé nægjanleg og notkun efna auki aðeins á skaðann.

Til að meta hvort notkun efna við hreinsun stranda muni minnka umhverfisáhrif, er mikilvægt að greina viðkvæmar umhverfisauðlindir á viðkomandi svæði, s.s.:

- Mikilvæg svæði þar sem fuglar safnast saman
- Lífríkar fjörur s.s. leirur eða þangfjörur
- Útivistarsvæði

Í viðbragðsáætlunum hafna á að vera kort/yfirlitsmynd/vákort yfir viðkvæm svæði svo hægt sé að verja þau svæði fyrir olíumengun.

Varast skal notkun efna nema að vel athuguðu máli. Ef áætla má að líftími olíuslikjunnar verði stuttur, öðrum aðferðum án efnanotkunar (s.s. upptöku olíunnar) ekki viðkomið og viðkvæmum auðlindum ekki ógnað, ætti að íhuga frekara eftirlit án annarra aðgerða. Þetta gætu verið aðstæður þar sem olíumengun er lítil eða olíuslikjan mjög þunn og/eða mikil náttúruleg dreifing (t.d. ölduhreyfingar).

Ekki má nota efni með eftirfarandi hættumerkingu:



Skaðlegt umhverfinu

Efni sem eru hættuleg umhverfinu og/eða eitruð vatnalífi

Dæmi um vörur:

Varnarefni, bensín, málning, terpentína, þungmálmasölt, lakk og sum lím.

Dreifiefni

Tilgangurinn með notkun dreifiefna er að minnka magn olíu á yfirborðinu og þynna hana í vatnsbolnum. Þetta minnkar líkur á að olían nái landi og hættu á skaða á náttúruauðlindum. Notkun dreifiefna getur valdið því að lífverur (t.d. hrogn, seiði og fuglar) verði útsettari fyrir skaðsemi olíunnar. Því ætti ekki að nota dreifiefni á stórum skala þegar búast má við seiðareki eða öðrum viðkvæmum lífverum.

Meta þarf hvort nota eigi dreifiefni eða hvort náttúruleg dreifing sé nægjanleg.

Það sem þarf að hafa í huga er:

- Fjarlægð olíuflekks frá landi
- Dýpi á svæðinu þar sem olían er
- Straumar á svæðinu - rek flekksins
- Veðuraðstæður
- Veðurspá

Þegar dreifiefni eru notuð úti á opnu hafni, þynnist dreifiefnið í efri 10-20 metrum vatnsbolsins. Til að tryggja næga þynningu olíunnar er það almenn regla að ekki ætti að nota dreifiefni þar sem vatnsdýpi er minna en 20 metrar og í 200 metra fjarlægð frá landi. Í undantekningartilvikum má nota dreifiefni innan þessara marka ef líkur eru á að dreifing geti minnkað skaða á umhverfinu. Þegar ákveða á hvort nota eigi dreifiefni á slíkum stöðum verður að taka aðra þætti til athugunar:

- stærð olíu flekks/flekkja,
- rek flekksins og
- hverju má búast við hvað varðar útbreiðslu flekkjar m.t.t. til þess hvort umhverfisauðlindir séu í hættu.